

AUGLÝSING

um staðfestingu breytingar á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Söngskólans í Reykjavík, nr. 394 26. október 1978.

Á aðalfundi Styrktarfélags Söngskólans í Reykjavík hinn 3. desember 1993 var samþykkt eftirfarandi breyting á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Söngskólans í Reykjavík:

1. málslíður 1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Aðalfundur Styrktarfélags Söngskólans skal haldinn fyrir lok nóvember ár hvert og skulu þar afgreidd eftirfarandi málefni:

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Söngskólans í Reykjavík staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. mars 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness er taki gildi frá 1. janúar 1994.

Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 503, 18. desember 1990:

3. gr. b. Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra lækkar úr kr. 32,00 í kr. 29,00.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar verða óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 11. mars 1994.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarnan.